

Skýrsla vegna styrks úr Kennslumálasjóði 2019

Verkefnið: „Sögur fyrir þá sem leggja stund á íslensku sem annað mál“

Stytttri greinargerð til kynningar:

„Sögur fyrir þá sem leggja stund á íslensku sem annað mál“ voru gerðar aðgengilegar fyrir nemendur og kennara með því að undirbúna þær undir útgáfu. Karítas Hrundar Pálsdóttir, höfundur sagnanna, skrifaði undir útgáfusamning við Unu útgáfuhús í júní 2019. Afraksturinn var útkoma bókarinnar *Árstíðir – sögur á einföldu máli* í janúar 2020. Sögurnar voru flokkaðar eftir getustigi í samráði við Maríu Önnu Garðarsdóttur og Sigríði D. Þorvaldsdóttur, aðjunkta í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands, en búinn var til fimm stiga getustigskvarði innan getustiganna A2 til B1 (samkvæmt skilgreiningu Evrópurammans). Eliza Reid, forsetafrú, skrifaði formála. Auk þess fylgir bókinni viðauki með ýmsum fróðleik um land og þjóð. Sögurnar svara aukinni eftirspurn eftir bókmenntatextum fyrir fullorðið fólk sem lærir íslensku sem annað mál og stuðla að auknu læsi á íslensku og íslenska menningu. Nú á vormisseri 2020 verða sögur úr *Árstíðum* kenndar í tveimur ólíkum námskeiðum við Háskóla Íslands en annað er í hagnýta náminu í íslensku sem öðru máli á Hugvísindasviði og hitt við deild faggreinakennslu á Menntavísindasviði.

Lengri greinargerð:

Verkefnið „Sögur fyrir þá sem leggja stund á íslensku sem annað mál“ fólst í því 1) að undirbúa frumsamdar sögur eftir Karítas Hrundar Pálsdóttur undir útgáfu, 2) flokka þær eftir getustigi og 3) semja kennsluleiðbeiningar. Sögurnar svara aukinni eftirspurn eftir bókmenntatextum fyrir fullorðið fólk sem lærir íslensku sem annað mál. Verkefnið stuðlar einnig að auknu læsi á íslensku og íslenska menningu.

1) Höfundur sagnanna skrifaði undir útgáfusamning við Unu útgáfuhús í júní 2019. Um haustið hófst síðan ritstjórnarferlið undir umsjón Einars Kára Jóhannssonar, ritstjóra og forleggjara hjá Unu. Bókin hlaut nafnið *Árstíðir – sögur á einföldu máli*. Eliza Reid, forsetafrú, skrifaði formála að bókinni og Björn Loki Björnsson og Elsa Jónsdóttir voru fengin til að hanna bókina og annast umbrot hennar. Í lok nóvember var bókin send í prentun en það var Specialtrykkeriet Arco í Danmörku sem sá um það. *Árstíðir* barst til landsins fyrir jól og kom í búið í byrjun janúar. Útgáfuhóf var haldið fimmtudagskvöldið 9. janúar 2020.

2) Sögurnar í bókinni *Árstíðir – sögur á einföldu máli* eru mislangar og miserfiðar þrátt fyrir að vera allar á getustig A2 til B1 samkvæmt skilgreiningu Evrópurammans. Við upphaf hverrar sögu má sjá hversu erfiður textinn er á skalanum 1 til 5, með því að telja hversu mörg merki eru ofan við hvern titil. Aftast í bókinni er síðan listi yfir það á hvaða getustigi allar sögurnar eru. Karítas flokkaði sögurnar eftir getustigi í samráði við Maríu Önnu Garðarsdóttur og Sigríði D. Þorvaldsdóttur, aðjunktka í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands.

Það er ótalmargt sem hefur áhrif á getustig texta. Við lestur þarf lesandi að virkja ólíka færniþætti tengda setningafræði (e. *syntactic knowledge*), orðhlutafræði (e. *morphological knowledge*), almennri vitneskju (e. *general world knowledge*), félagsmenningarlegri vitneskju (e. *sociocultural knowledge*), sérhæfðri vitneskju um viðfangsefnið (e. *topic knowledge*) og tegund textans (e. *genre knowledge*) (Hedge, 2000, bls. 189). Það fer því eftir einstaklingum og aðstæðum þeirra hvaða færniþætti reynir mest á hverju sinni. Til að ákvarða hvaða umræðuefni eru viðeigandi fyrir hvaða getustigi er gott að líta til skilgreininga Evrópurammans. Samkvæmt honum getur fólk á getustigi A2 meðtekið einfaldar upplýsingar tengdar hversdeginum og til dæmis tjáð sig um sjálf sig, fjölskyldu sína og annað fólk, búsetu, menntun og atvinnu; á getustigi B1 er fólk fært um að skilja umræður um fjölskyldu, áhugamál, vinnu, ferðalög og mál líðandi stundar. Þá hefur fólk náð færni í að lýsa reynslu sinni, áformum, skoðunum og framtíðardraumum (Language Policy Unit, Council of Europe, e.d., bls. 24, 26, 29, 58–65). Evrópuramminn er til viðmiðunar um málfræði, umræðuefni og þemu en ekki hefur verið búinn til sérstakur rammi fyrir tileinkun íslensku sem annars máls, það er í hvaða röð eðlilegt sé að fólki læri undirstöður tungumálsins. Slíkur rammi er aftur á móti til fyrir ensku sem annað mál (van Ek og Trim 1991;1991). Meistaraverkefni Gísla Hvanndal Ólafssonar (2015–2016) við Vrije Háskólann í Brussel er þó upphafið að gerð sambærilegs ramma fyrir íslensku. Þar skilgreindi hann hvaða málfræði á heima á getustigi A1 í íslensku sem öðru máli. DIALANG-verkefnið vann að því að meta færni fólks í ólíkum tungumálum (DIALANG, e.d.). Hægt er að taka getustigspróf þeirra á netinu en færniþáttaviðmið aðstandanda verkefnisins eru ekki aðgengileg almenningi. María Anna Garðarsdóttir og Sigríður D. Þorvaldsdóttir (2019) unnu að verkefninu á sínum tíma og höfðu því aðgang að DIALANG-kvarða fyrir íslenska færniþætti: Orðaforða, málfræði, ritun, lestur og hlustun. Um er að ræða yfirlit sem gott reyndist að hafa til hliðsjónar þrátt fyrir að það gæfi ekki jafn ítarlega mynd og rammi van Ek og Trim fyrir máltileinkun ensku sem annars máls.

Sögurnar voru skoðaðar með þessi ólíku atriði í huga. Athugað var hvort sagnir sem komu fyrir í sögunum voru í nútíð og þátíð og hvar boðháttur og viðtengingarháttur kom fram. Setningagerð var skoðuð og merkt sérstaklega við setningar sem ekki höfðu

grundvallarorðaröð (frumlag-umsöng-andlag). Þá var orðaforði hvernar sögu skoðaður og merkt sérstaklega við erfið orð og orðasambönd. Að lokum voru sögurnar skoðaðar út frá innihaldi. Sögur sem höfðu lík einkenni voru þá flokkaðar saman. Byggt á þeirri flokkun var fimm stiga getustigskvarði búinn til (sjá Viðauka). Þegar kvarðinn var tilbúinn voru sögurnar skoðaðar aftur í ljósi hans og færðar til um getustig eftir því sem viðeigandi þótti.

3) Sem hluta af verkefninu „Sögur fyrir þá sem leggja stund á íslensku sem annað mál“ safnaði Karítas saman hugmyndum að því hvernig nota má sögurnar sem kveikjur að ýmsum verkefnum, umræðuefnum og leikjum, auk þess sem athygli var dregin að lykilorðum í textunum. Lagður var grunnur að kennslubók með sögunum en þeirri vinnu hefur ekki verið lokið. Stefnt verður að því að vinna áfram með kennsluhugmyndirnar og er markmiðið að verkefnabók með örsagnasafninu *Árstíðir – sögur á einföldu máli* komi út í byrjun árs 2021. Ákveðið var að halda örsagnasafninu og kennsluleiðbeiningunum aðskildum til að höfða til stærri lesendahóps. Í bókinni er aftur á móti að finna inngang eftir höfundinn sem setur verkið í samhengi fyrir lesendur og getur nýst sem leiðbeiningar um hvernig nota megir bókina. Auk þess fylgir viðauki með margskonar fróðleik um land og þjóð. Þar er til dæmis að finna upplýsingar um ákveðna siði og venjur, fólk, sögu og bókmenntir.

Hér hefur verið fjallað um ferli og útkomu verkefnisins „Sögur fyrir þá sem leggja stund á íslensku sem annað mál“, það er 1) útgáfa frumsaminnna sagna á einföldu máli eftir Karítas Hrunnar Pálsdóttur, 2) flokkun sagnanna eftir getustigi og 3) samning kennsluleiðbeininga. Sögurnar komu út undir nafninu *Árstíðir – sögur á einföldu máli* hjá Unu útgáfuhúsi í janúar 2020. Sögurnar voru flokkaðar eftir getustigi en til að geta flokkað þær var búinn til fimm stiga getustigskvarði fyrir lesskilning innan getustigs A2–B1. Getustigskvarðinn er innlegg í þá vinnu sem framundan er í annarsmálsfræðum við að búa til ramma fyrir tileinkun íslensku sem annars máls, í samræmi við öll stig Evrópurammans. Lagður hefur verið grunnur að kennsluhandbók með sögunum. Stefnt verður að því að vinna áfram með kennsluhugmyndirnar með það fyrir augum að gefa út verkefnabók sem styður við lestur og kennslu sagnanna.

Nú á vormisseri 2020 verða nokkrar sögur úr bókinni notaðar í kennslu námskeiðsins „Orðaforði og málfræði II“ í hagnýta náminu í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands. Einnig verður notast við bókina í námskeiðinu „Íslenska sem annað mál“ í deild faggreinakennslu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Heimildaskrá

- DIALANG. (e.d.). The DIALANG project for the development of diagnostic language tests [vefsíða]. Sótt af: http://www.celelc.org/projects/Past_Projects/DIALANG/index.html
- Gísli Hvanndal Ólafsson. (2015–2016). *Grammar and Linguistic Structures at Level A1 of Icelandic* (óútgefin meistararitgerð). Brussel: Vrije háskóli.
- Háskóli Íslands. (2018, 20. febrúar). *Nemendur: Erlendir nemendur 2017–2018*. Sótt af <https://www.hi.is/kynningarefni/nemendur> [sótt 28. febrúar 2019].
- Hedge, T. (2000). *Teaching and Learning in the Language Classroom*. Oxford: Oxford University Press.
- Language Policy Unit, Council of Europe. (e.d.) *Common European framework of reference for languages: learning, teaching, assessment*. Strasbourg: Höfundur. Sótt af <https://rm.coe.int/16802fc1bf>.
Cambridge: Cambridge University Press.
- María Garðarsdóttir og Sigríður D. Þorvaldsdóttir. (2019, 21. maí). Dialang-kvarði fyrir íslenska færniþætti (óútgefið efni). Reykjavík: Háskóli Íslands.
- van Ek, J. A. og Trim, J. L. M. (1991). *Threshold level 1990*. Strasbourg: Council of Europe.
- van Ek, J. A. og Trim, J. L. M. (1991). *Wyastage 1990*. Strasbourg: Council of Europe.

Viðauki

Getustigskvarði (innan A2–B1)

1. Fyrsta stig
 - a. Sagnir: Framsöguháttur, nútíð og þátíð, mest 1–2 í texta (1 sinni boðháttur *-hringdu*)
 - b. Setningagerð: Stuttar setningar, FSA (örfáar undantekningar)
 - c. Orðaforði: Algeng orð (gjarnan 1 orðagrín í hverjum texta)
 - d. Innihald: Afmarkaður atburður (almennur), einn tilgangur (brandari)
2. Annað stig
 - a. Sagnir: Framsöguháttur, nútíð og þátíð; *Ég hef/hafði* (3 sinnum boðháttur – *bíddu*)
 - b. Setningagerð: Setningar lengjast, einstaka setningar byrja á forsetningarlið eða atvikslið en með sögn í öðru sæti
 - c. Orðaforði: Samsettum orðum fjölgar, 1-2 orðasambönd
 - d. Innihald: Afmarkaður atburður (almennur), einn tilgangur (brandari) en krefst aðeins meiri lesskilnings/lesturs á milli lína
3. Þriðja stig
 - a. Sagnir: Framsöguháttur, nútíð og þátíð; *Ég hef/hafði*; einfaldur viðtengingarháttur, það er algengar sagnir s.s *sé/væri, þyrfti, eigi, mun* og fáar í hverri sögu (Nokkrum sinnum boðháttur – *bíddu, mundu*)
 - b. Setningagerð: Setningar lengjast, fleiri setningar sem byrja á forsetningarlið eða atvikslið með sögn í öðru sæti
 - c. Orðaforði: Fjölbreyttari orðaforði; 1–4 orðasambönd; stöku talmálsorð
 - d. Innihald: Atburðir verða sértækari; vísunum í sögu/fortíð, hefðir, kvikmyndir og ljóð/dægurlög fjölgar; talað um tilfinningar
4. Fjórða stig
 - a. Sagnir: Framsöguháttur, nútíð og þátíð; *Ég hef/hafði*; viðtengingarháttur til að tjá efa/vafa og óbeina ræðu (Boðháttur í fleirtölu – *bíðið*)
 - b. Setningagerð: Setningar lengjast og verða flóknari, sbr. talmálslegar innskotssetningar
 - c. Orðaforði: Meiri og sérhæfðari orðaforði, t.d. tengdur pólitík, sögu og fræðigreinum; 1–4 orðasambönd; talmál, málbreytingar, slettur og slangur
 - d. Innihald: Sértækir atburðir, vísanir í sögu/fortíð, hefðir og svo framvegis
5. Fimmta stig – erfitt B1, næstum B2
 - a. Sagnir: Framsöguháttur, nútíð og þátíð; *Ég hef/hafði*; viðtengingarháttur til að tjá efa/vafa og óbeina ræðu
 - b. Setningagerð: Langar og flóknar setningar, fjölbreytileiki í setningagerð: FSA og setningar sem byrja á forsetningarlið eða atvikslið með sögn í öðru sæti
 - c. Orðaforði: Meiri og sérhæfðari orðaforði, t.d. tengdur pólitík, sögu og fræðigreinum; 1–5 orðasambönd; talmál, málbreytingar, slettur og slangur; málshættir og formlegt mál
 - d. Innihald: Sértækir atburðir, vísanir í sögu/fortíð, hefðir og svo framvegis